

UPPGJÖRSSAMNINGUR

Uppgjörssamningur þessi, dagsettur 5. júní 2009, er gerður milli:

1. **BRESKA TRYGGINGARSJÓÐSINS**, (*Financial Services Compensation Scheme Limited* (CRN: 3943048)), með skráða skrifstofu á 7th Floor, Lloyds Chambers, 1 Portsoken Street, London E1 8BN, Breska konungsríkið („FSCS“) og
2. **TRYGGINGARSJÓÐS INNSTÆÐUEIGENDA OG FJÁRFESTA** (*The Depositors' and Investors' guarantee fund of Iceland*), sem er sjálfseignarstofnun, sem stofnuð er samkvæmt íslenskum lögum, með skráða skrifstofu á Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík, Ísland („TIF“).

Í samningi þessum verður vísað til FSCS og TIF, hvors um sig, sem „samningsaðili“ og sameiginlega sem „samningsaðilarnir“.

OG AÐ TEKNU TILLITI TIL EFTIRFARANDI:

- a) FSCS hefur umsjón með Breska tryggingarsjóðnum sem var stofnaður skv. XV. kafla bresku fjármálaþjónustu- og markaðslöggjafarinnar frá árinu 2000, (e. Financial Services and Markets Act 2000), („kerfið“). Kerfið er innlánstryggingakerfi stofnsett í Breska konungsríkinu samkvæmt tilskipun EB nr. 94/19/EB um innlánatryggingakerfi.
- b) TIF er sjálfseignarstofnun stofnuð samkvæmt íslenskum lögum og hefur, á grundvelli laganna, með höndum framkvæmd íslenska innstæðutryggingarsjóðsins í samræmi við ákvæði íslenskra laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.
- c) Samkvæmt reglum kerfisins hefur útibú Landsbanka Íslands hf. („Landsbanki“) í London („útibúið í Breska konungsríkinu“), hlutafélag stofnað á Íslandi með leyfi frá Íslandi til þess að starfa sem banki og undir eftirliti íslenska fjármálaeftirlitsins („FME“), kosið að ganga inn í kerfið með því leggja fram viðbótartryggingu (e. "top up" cover) fyrir hæfa innstæðueigendur útibúsins í Breska konungsríkinu.
- d) Hinn 31. október 2006 eða þar um bil samþykkti FSCS og TIF samkomulag („MOU“) þar sem settar eru fram, meðal annars, ákveðnar meginreglur um meðferð krafna um tryggingar frá innstæðueigendum í útibúum tiltekinna íslenskra banka í Breska konungsríkinu. Samkvæmt skilmálum samkomulagsins var það á meginábyrgð TIF að semja við fjárfesta um kröfur þeirra, meta þær og greiða.
- e) Hinn 6. október 2008 stóð Landsbankinn andspænis alvarlegum lausafjárerfiðleikum og öðrum fjárhagserfiðleikum sem leiddi til vanefnda á skuldbindingum hans gagnvart innstæðueigendum og öðrum kröfuhöfum með þeim afleiðingum að „Icesave“-vefsíðan

sem útibúið í Breska konungsríkinu starfrækti varð óvirk. Hinn 8. október 2008 lýsti Breska fjármálaeftirlitið („FSA“) því yfir að útibúið í Breska konungsríkinu væri „í vanskilum“ samkvæmt kerfinu. Hinn 27. október 2008 birti FME álit sitt á því að Landsbankinn hefði hinn 6. október 2008 verið ófær um að inna af hendi greiðslu á andvirði innstæðna ákveðinna innstæðueigenda og því væri TIF skuldbundinn til að greiða út tryggingar skv. 9. gr. íslenskra laga nr. 98/1999. TIF varð skuldbundinn til að greiða allt að 20.887 evrur vegna krafna hvers og eins innstæðueiganda hjá útibúinu í Breska konungsríkinu.

- f) Í kjölfar yfirlýsingar FSA um vanskil og eftir að FME gaf út álit sitt hafa samningsaðilar ekki farið með kröfur eins og gert var ráð fyrir í samkomulaginu. Hinn 4. nóvember 2008 ákvað FSCS, samkvæmt reglum kerfisins og með vitund TIF að halda áfram að meðhöndla og greiða kröfur innstæðueigenda í „Icesave“-hluta útibúsins í Breska konungsríkinu. Allir „Icesave“-innstæðueigendur hjá útibúinu í Breska konungsríkinu hafa fengið eða munu fá greiddar tryggingar frá FSCS vegna innlána í útibúinu í Breska konungsríkinu, þar með talið þær kröfur sem TIF var skuldbundinn til að greiða hverjum og einum þessara innstæðueiganda. Sem hluta af tryggingaferlinu og sem skilyrði fyrir greiðslu tryggingar frá FSCS framselja innstæðueigendur tengd réttindi („framseld réttindi“) sín og fela þau FSCS, sem gerir kröfur á hendur Landsbankanum, TIF og þriðju aðilum.
- g) Þann dag sem þessi samningur er dagsettur, eða þar um bil, munu TIF, lýðveldið Ísland („Ísland“) og umboðsmenn breska fjármálaráðuneytisins („HMT“) hafa gert með sér lánessamning („**Lánessamningurinn**“). Samkvæmt lánessamningnum getur TIF (vegna útgreiðslubeiðna sem FSCS gefur út (fyrir hönd TIF), eins og kveðið er á um í lánessamningnum) fengið lánað fjármagn frá HMT til að, i) gera upp kröfur FSCS á hendur TIF vegna þeirra trygginga sem FSCS hefur þegar greitt (fyrir hönd TIF) samkvæmt íslenskum lögum nr. 98/1999, að fjárhæð allt að 16.872.99 sterlingspund fyrir hvern innstæðueiganda, ii) heimila FSCS að semja (fyrir hönd TIF) um kröfur innstæðueigenda útibúsins í Breska konungsríkinu, samkvæmt íslenskum lögum nr. 98/1999, að fjárhæð allt að 16,872.99 sterlingspundum á hverja kröfu og iii) greiða FSCS ákveðna fjárhæð vegna ákveðins tengds kostnaðar sem hlotist hefur og á eftir að hljóttast af lánessamningnum.
- h) Með þessum samningi samþykkja samningsaðilar að FSCS muni i) endurheimta frá TIF fjárhæðir allt að 16.827.99 sterlingspund á hvern innstæðueiganda sem þegar hafa verið greiddar sem trygging til innstæðueigenda í útibúinu í Breska konungsríkinu, ii) greiða, fyrir hönd TIF, til þessara innstæðueigenda fjárhæð allt að 16.827.99 sterlingspund fyrir hvern innstæðueiganda og nota til þess fjármuni FSCS (fyrir hönd TIF) samkvæmt lánessamningnum, að því tilskildu að þeir innstæðueigendur sem um ræðir hafi ekki þegar móttengið þessa tryggingarfjárhæð, iii) taka á móti greiðslum vegna ákveðins tengds fyrri kostnaðar og tengds kostnaðar sem falla mun til og nota til þess fjármuni frá FSCS (fyrir hönd TIF) samkvæmt lánessamningnum og iv) fela TIF hlutfall af framseldum réttindum, tengdum kröfum innstæðueigenda (sem eru ekki yfir 16.872.99 sterlingspund á hvern innstæðueiganda) sem þeim ber skylda til að ábyrgjast samkvæmt íslenskum lögum nr. 98/1999.

SAMKOMULAG HEFUR ORÐIÐ UM EFTIRFARANDI:

1. **Endurheimt FSCS frá TIF á tryggingum sem þegar hafa verið greiddar.**
 - 1.1. Samningsaðilar viðurkenna að FSCS hefur nú þegar, með vitund TIF, greitt kröfur til einstakra innstæðueigenda útibúsins í Breska konungsríkinu í samræmi við reglur kerfisins og samkvæmt tryggingaskyldu TIF, samkvæmt íslenskum lögum nr. 98/1999. Enn fremur viðurkenna samningsaðilar að FSCS sé heimilt að halda áfram að framkvæma slíkar greiðslur fram til þess dags („endurfjármögnunardagsins“) sem FSCS tilkynnir TIF að FSCS muni hætta að inna þessar greiðslur af hendi og hefja greiðslu trygginga (fyrir hönd TIF) og nota til þess andvirði útgreiðslunnar samkvæmt lánessamningnum. Heildarfjárhæð allra slíkra fjárhæða, hvort heldur þær eru greiddar fyrir, jafnhliða eða eftir dagsetningu samnings þessa, en að því gefnu að þær séu greiddar fyrir endurfjármögnunardaginn, nefnist „endurfjármögnunarfjárhæð“ Endurfjármögnunardagurinn skal eigi vera síðar en 30 dögum eftir þann dag sem skilyrðum fyrir útgreiðslunum, samkvæmt lánessamningnum, hefur verið fullnægt og FSCS skal tilkynna TIF um endurfjármögnunardaginn með skriflegum hætti eigi síðar en tveimur virkum dögum fyrir endurfjármögnunardaginn.
 - 1.2. Samningsaðilar eru sammála um að hámarksfjárhæð, sem TIF ber að greiða vegna, eða að því er varðar, innstæðna í útibúinu í Breska konungsríkinu, nemi 16.872.99 sterlingspundum fyrir hvern innstæðueiganda (í þeim tilvikum sem innstæður voru í sterlingspundum). Samningsaðilar eru sammála um að þessi fjárhæð samsvari lágmarkstryggingu innstæðueigenda hjá TIF eða sem nemur 20,887 evrum og við gengi sterlingspundsins hinn 27. október 2008.
 - 1.3. Samningsaðilar eru sammála um að FSCS geti (fyrir hönd TIF) á endurfjármögnunardegi farið fram á útgreiðslu á fjárhæð sem jafngildir endurfjármögnunarfjárhæðinni að viðbættum vöxtum (í hlutfalli sem er jafnt því sem TIF skal greiða samkvæmt lánessamningnum; slíkt hlutfall á við um hverja tryggingarfjárhæð sem greidd er á eða fyrir endurfjármögnunardaginn að því er varðar tímabilið frá (og þar með talið) greiðslu slíkrar fjárhæðar eins og lýst er í málsgrein 1.1 fram til (en að undanskildum) endurfjármögnunardagsins). Slíkar útgreiðslur skulu nýttar af FSCS (fyrir hönd TIF) til að endurgreiða FSCS og gera honum kleift að endurgreiða fjárhæðir fengnar að láni frá HMT til að fjármagna tryggingargreiðslur eins og lýst er í málsgrein 1.1.
 - 1.4. Strax og raunhæft reynist eftir endurfjármögnunardaginn mun FSCS afhenda TIF lista yfir innstæðueigendur útibúsins í Breska konungsríkinu ásamt reikningsnúmerum og reikningsyfirliti sem tryggingargreiðslurnar er mynda fjárhæð endurfjármögnunarinnar hafa verið greiddar til
 - 1.5. TIF fellst á að andmæla í engu því sem varðar endurfjármögnunarfjárhæðina (eða rétt FSCS til endurgreiðslu frá TIF vegna greiðslna á tryggingum sem fela í sér slíkar fjárhæðir, að viðbættum vöxtum) á grundvelli þess:

- a) að einhver innstæðueigandi eigi ekki eða hafi ekki átt rétt á útreiknaðri fjárhæð tryggingargreiðslu frá FSCS, af ástæðum sem falla undir 9. gr. íslenskra laga nr. 98/1999 eða reglugerða um TIF, eða á annan hátt, eða:
- b) að FSCS hafi reiknað tryggingarnar út í samræmi við reglur kerfisins og ekki í samræmi við einhverja þá aðferðafræði sem TIF hefði notað.

2. Greiðslur trygginga FSCS fyrir hönd TIF

- 2.1. Samningsaðilar eru sammála um að FSCS geti, á eða eftir endurfjármögnunardaginn, framkvæmt greiðslur, fyrir hönd TIF í samræmi við reglur kerfisins, til einstakra innstæðueigenda útibúsins í Breska konungsríkinu að því er varðar skuldbindingar TIF til greiðslu trygginga samkvæmt íslenskum lögum nr. 98/1999.
- 2.2. Samningsaðilar eru sammála um að greiðslurnar eins og lýst er málsgrein í 2.1 verði fjármagnaðar af FSCS sem leggur fram beiðni (fyrir hönd TIF) um útgreiðslur í samræmi við lánsamninginn. FSCS fellst á að hann muni hvorki leggja fram útgreiðslubeiðni (fyrir hönd TIF) til lánveitanda að því er varðar fjármögnun útgreiðslna á tryggingum til innstæðueigenda útibúsins í Breska konungsríkinu né nota (fyrir hönd TIF) andvirði samsvarandi útgreiðslu, nema að hann hafi þá þegar, eða jafnframt, látið TIF í té skrá („skrá yfir innstæðueigendur“) yfir innstæðueigendur í útibúinu í Breska konungsríkinu, ásamt reikningsnúmerum og reikningsyfirlitum þeirra, sem eiga að fá greiddar tryggingar með útgreiðslunni, ásamt drögum að útgreiðslubeiðni.
- 2.3. TIF fellst á að greiðslur sem FSCS framkvæmir (fyrir hönd TIF), eins og lýst er í málsgrein 1.1 og málsgrein 2.1, munu gerðar í samræmi við reglur kerfisins, og samkvæmt því mun það ekki grípa til neinna andmæla, hvað varðar fjárhæðirnar sem samsvarandi útgreiðslubeiðni nær til, á grundvelli:
 - a) þess að einhver innstæðueiganda eigi ekki eða hafi ekki átt rétt á útreiknaðri fjárhæð tryggingargreiðslu frá FSCS, af ástæðum sem falla undir 9. gr. íslenskra laga nr. 98/1999 eða reglugerða um TIF, eða á annan hátt, eða
 - b) þess að FSCS hafi reiknað tryggingarnar út í samræmi við reglur kerfisins og ekki í samræmi við einhverja þá aðferðafræði sem TIF hefði notað.
- 2.4. Hvort heldur sem er vegna trygginga, sem ekki hafa verið greiddar út til innstæðueigenda vegna þess að innstæður voru bundnar yfir ákveðið tímabil eða vegna þess að tilkynna þarf um greiðslu með fyrirvara eða á annan hátt, skal ekkert í þessum samningi koma í veg fyrir að samningsaðilar gangi frá annars konar fyrirkomulagi á greiðslum frá TIF til FSCS að því er varðar kröfur FSCS eða innstæðueigenda á hverjum tíma fyrir sig, þar með talið áður en FSCS hefur greitt tryggingar til viðkomandi innstæðueigenda..

3. Greiðslur til FSCS vegna kostnaðar sem þegar er fallinn til og mun falla til

- 3.1. FSCS getur lagt fram (fyrir hönd TIF) eina útgreiðslubeiðni að fjárhæð 10,000,000 sterlingspunda (tíu milljón sterlingspund) vegna kostnaðar sem stofnað hefur verið til, eða stofnað verður til, af FSCS við meðferð tryggingargreiðslna til innstæðueigenda útibúsins í Breska konungsríkinu og við meðferð skyldra mála, þar með taldar, án takmarka, endurheimtur og öll deilumál sem upp kunna að koma.
- 3.2. Andvirði af útgreiðslum, sem er gengið frá vegna kostnaðar FSCS, getur sá FSCS haldið eftir á eigin reikningi.

4. Kröfur á hendur Landsbankanum

- 4.1. Í þeim tilgangi að fylgja eftir framseldum réttindum getur FSCS tilnefnt TIF, samkvæmt skilyrðum sem eftir er að samþykkja, sem sinn umboðsmann og/eða fulltrúa í því skyni að sækja eða annast kröfur á hendur Landsbankanum, á Íslandi eða annars staðar. TIF getur komið fram fyrir hönd FSCS gagnvart Landsbankanum, og/eða fulltrúum þrotabús Landsbankans, en hefur enga heimild til þess að binda eða skuldbinda FSCS án fyrirfram skriflegra leiðbeininga og samþykkis.
- 4.2. FSCS og TIF samþykkja að FSCS muni, vegna skuldbindinga TIF um að endurgreiða FSCS tryggingar, sem greiddar voru til innstæðueigenda útibúsins í Breska konungsríkinu, vegna krafna sem TIF ábyrgist samkvæmt íslenskum lögum nr. 98/1999, framselja þann hluta framseldra réttinda sem tengist kröfum innstæðueigenda (og eru ekki hærri en 16.872.99 sterlingspund á hvern innstæðueiganda) á hendur Landsbankanum eða sérhverjum þriðja aðila, öðrum en TIF eða Íslandi, sem TIF var skyldugur til að ábyrgjast samkvæmt íslenskum lögum nr. 98/1999. Framsalið skal háð því skilyrði að lánssamningurinn taki gildi. Samningsaðilar samþykkja hér með, og skilyrði framsalsins skulu kveða á um:
 - a) að því marki sem FSCS heldur einhverjum hluta framseldu réttindanna (þegar fyrir liggur að krafan nemur hærri fjárhæð en samtals 16.872,99 sterlingspundum) að sá hluti framseldra réttinda, í kjölfar framsalsins sem um getur, sem hefur verið framseldur til TIF, skuli metinn, eftir ítrustu heimild gildandi laga, jafngildur í öllu tilliti þeim hluta slíkra framseldra réttinda sem FSCS heldur eftir,
 - b) komi til þess, hver sem ástæðan kann að vera (þ.m.t., án takmarkana, ef TIF er veitt hvers konar forgangsstaða samkvæmt íslenskum lögum), í kjölfar framsals á hluta hinna framseldu réttinda til TIF, að TIF eða FSCS endurheimti herra hlutfall vegna þeirrar kröfu en hinn samningsaðilinn, að TIF eða FSCS (eftir því sem við á) skuli greiða FSCS eða TIF jöfnunargreiðslur eins fljótt og því verður við komið og eftir því sem þörf er á, til að tryggja að hvor samningsaðili um sig, TIF og FSCS, endurheimti sama hlutfall vegna þessarar kröfu og hinn samningsaðilinn, og
 - c) að því marki að frekari tryggingargreiðslur verði inntar af hendi af FSCS (fyrir hönd TIF) til innstæðueigenda útibúsins í Breska konungsríkinu, að því er varðar kröfur innstæðueigendanna sem TIF ábyrgist samkvæmt íslenskum lögum nr.

98/1999, skal, að loknu slíku framsali, þeim hluta af framseldu réttindunum sem falla að þessum kröfum, eftir ítrustu heimild gildandi laga, sjálfkrafa úthlutað af FSCS til TIF undir eins skilyrðum og þeim sem eiga við um upphafsframsalið sem vísað er til hér að framan í málsgrein 4.2.

4.3. Þar til framsalinu, sem lýst er í málsgrein 4.2, er lokið skulu allar endurgreiðslur, er varða framseld réttindi, greiddar til FSCS, sem skiptir þeim á milli sín og TIF. Slíkar endurgreiðslur skulu taldar:

- a) tilheyra TIF einvörðungu, þegar um er að ræða endurgreiðslur sem eru móttæknar vegna framseldra réttinda innstæðueigendanna sem gera kröfur um samtals 16.872.99 sterlingspunda tryggingagreiðslur eða lægra, og
- b) tilheyra FSCS og TIF, þegar um er að ræða endurgreiðslur sem eru móttæknar vegna framseldra réttinda frá innstæðueigendum sem gera heildarkröfur um tryggingagreiðslur að hærri fjárhæð en 16.872.99 sterlingspund, en í þeim tilvikum skal reikna endurgreiðslurnar á hlutfallslegum grunni milli FSCS og TIF, þannig að TIF fái það hlutfall sem 16.872.99 sterlingspund eru af heildartryggingarkröfunni og það sem eftir stendur tilheyri FSCS.

4.4. Allar endurheimtur sem varða framseld réttindi skulu, að því marki sem þær eru i) móttæknar af TIF að afloknu framsali sem lýst er í málsgrein 4.2 eða ii) móttæknar af FSCS en tilheyra TIF, þar til framsalinu sem lýst er í málsgrein 4.2 er lokið, nýttar af eða fyrir hönd TIF til fullnægju á skyldum TIF í samræmi við ákvæði lánessamningsins.

4.5. TIF skal gefa FSCS skriflega skýrslu, eftir því sem FSCS kallar á slíkt, um stöðu Landsbankans og þrotabú Landsbankans, og skal tilkynna FSCS skriflega og tafarlaust um alla mikilvæga þróun varðandi þrotabúið og/eða vegna stöðu kröfuhafa Landsbankans. TIF skal, um leið og hann fær upplýsingar er varða Landsbankann eða þrotabú Landsbankans, þar með talið öll bréf eða önnur samskipti sem koma frá Landsbankanum eða fulltrúum þrotabús Landsbankans (þar með talið og án takmarka, skilanevnd Landsbankans og slitastjórn Landsbankans), framsenda þær til FSCS.

5. Þagnarskylda

Samningsaðilar eru sammála um að samningur þessi skal vera trúnaðarmál milli samningsaðila og að hann megi ekki birta neinum, nokkurn tíma, án samþykkis hins, að því undanskildu að samningsaðili getur birt hann ríkisstjórnnum, stjórnvöldum heimaríkis og sérfræðiráðgjöfum, eða eins og nauðsynlegt kann að vera samkvæmt lögum. Samþykkt hefur verið að afrit af þessum samningi skuli vera aðgengilegt aðilum lánessamningsins og viðkomandi sérfræðiráðgjöfum.

6. Gildistaka og ýmis ákvæði

- 6.1. Ákvæði málsgreinar 4.2 í samningi þessum (og ákvæði málsgreina 9 til 15, en aðeins að því marki sem þarf til þess að slík ákvæði verði skilvirk) skulu öðlast gildi á þeim degi sem þessi samningur kemur til framkvæmdar. Önnur ákvæði þessa samnings skulu taka gildi á þeim degi sem lánsamningurinn tekur gildi.
- 6.2. Ekkert í þessum samningi skal talið að lögum stofna til félagsskapar eða sambærilegs samningssambands og hvorugur samningsaðili skal hafa vald til þess að binda hinn, utan þess sem gert er ráð fyrir í þessum samningi.
- 6.3. Ekkert í samningi þessum eða þeim ráðstöfunum sem er lýst er í þessum samningi gefur til kynna að FSCS hafi skyldur sem fjárvörsluaðili, hvort heldur sem er gagnvart TIF eða þriðja aðila..
- 6.4. Þennan samning og allan ávinning af honum er óheimilt að framselja eða yfirfæra af hálfu hvorugs samningsaðila til annarra aðila, án fyrirfram skriflegs samþykkis beggja aðila þessa samnings.
- 6.5. Ekkert í þessum samningi skal hafa áhrif á skyldur TIF samkvæmt íslenskum lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Einkum skal sú staðreynd að fyrir hendi kunni að vera innstæðueigendur Landsbankans í London, sem tryggingagreiðslur TIF fjármagna ekki samkvæmt lánsamningnum, ekki hafa áhrif á tilvist eða umfang tengdra tryggingaskuldbindinga TIF.
7. Ábyrgð og skaðleysi
 - 7.1. Eftirtalдар aðgerðir hefur TIF ekki heimild til að deila um á nokkrum öðrum grunni en (með fyrirvara um málsgrein 1.5 og málsgrein 2.3) vegna ásakana um að FSCS hafi ekki verið í góðri trú:
 - a) afhending útgreiðslubeiðni frá FSCS (fyrir hönd TIF) til lánveitandans í samræmi við lánsamninginn og framkvæmdina sem lýst er í málsgrein 1.3, 2.2, eða (eftir atvikum) málsgrein 3.1,
 - b) móttaka FSCS (fyrir hönd TIF) á andvirði samsvarandi útgreiðslu og
 - c) notkun FSCS á slíkri útgreiðslu í samræmi við lánsamninginn og málsgrein 1, 2, eða (eftir atvikum) 3, sem væri, í tilviki málsgreinar 2, greiðsla FSCS (fyrir hönd TIF) á tryggingum (fjármögnuð með fyrrnefndum útgreiðslum) til innstæðueigenda útibúsins í Breska konungsríkinu að því er varðar allar kröfur eða hluta krafna þeirra á hendur TIF.
 - 7.2. Þessi málsgrein, 7.2, á við, ef, með vísun til allra skráa yfir innstæðueigendur sem TIF hefur fengið samkvæmt málsgrein 2.2, eða með vísun til skráarinnar og upplýsinga sem TIF hefur fengið samkvæmt málsgrein 1.4, samið hefur verið um hærri fjárhæð („umframgreiðslan“) af FSCS (fyrir hönd TIF) samkvæmt lánsamningnum til þess að bæta innstæðueigendum, en hefur raunverulega verið greitt í gegnum tryggingar af FSCS

til viðeigandi innstæðueigenda hjá útibúunum í Breska konungsríkinu Ef þessi málsgrein, 7.2, á við, og að því gefnu að TIF hafi upplýst FSCS um meinta umframgreiðslu eigi síðar en 15. mars 2012, skal FSCS lækka næstu útgreiðslu, um jafnháa fjárhæð og umframgreiðslan reyndist vera. Ef engar fleiri útgreiðslur fara fram skal FSCS (fyrir hönd TIF) inna endurgreiðsluna fyrirfram af hendi að jafnhárrí fjárhæð og umframgreiðslan reyndist vera, við lok þágildandi vaxtatímabils samkvæmt lánessamningnum.

- 7.3. FSCS skal ekki vera ábyrgur gagnvart TIF vegna neinna krafna eða taps (hvort heldur sem er, beint eða óbeint og/eða afleitt) og TIF samþykkir að hann skuli ekki grípa til ráðstafana gegn FSCS vegna aðgerða eða vanrækslu eða vegna vanefnda á þessum samningi eða öðrum atriðum, þegar unnið er eftir, eða í sambandi við þennan samning né heldur við framfylgni (fyrir eða eftir dagsetningu þessa samninga) framselda réttarins, nema ef um er að ræða slæma trú af hálfu FSCS.
- 7.4. TIF mun bæta FSCS þann skaða sem krafist er vegna taps eða skuldbindinga sem að stofnað er til, eða skaða sem kemur til, við að fylgja eftir framselda réttinum áður en lokið er við framsalið sem lýst er í málsgrein 4.2, að því marki að slík framseld réttindi séu sótt af FSCS í þágu TIF eða til þess að innleysa fjármögnun sem verður notuð (fyrir hönd TIF) til að minnka höfuðstólinn samkvæmt lánessamningnum eða leysa TIF undan öðrum skuldbindingum..

8. Sérstakar yfirlýsingar

8.1. TIF lýsir yfir og ábyrgist að:

- a) hann muni ekki gera neinar ráðstafanir, án fyrirframsamþykkis FSCS, ef slíkar ráðstafanir myndu hamla rétti eða skerða rétt FSCS til þess að setja fram kröfu á hendur Landsbanka Íslands eða öðrum aðila á grundvelli réttar sem hefur flust eða er ætlað að flytjast til FSCS frá innstæðueigendum í útibúinu í Breska konungsríkinu með yfirfærslu, framsali eða kröfuhafaskiptum
- b) hann er sjálfseignarstofnun, sem er tilhlýðilega stofnuð og telst gild að íslenskum lögum, hann getur átt eignir og starfað á þann hátt sem hann gerir:
- c) skuldbindingar þær, sem hann mun takast á hendur skv. samningi þessum verði, með fyrirvara um sérhverjar almennar meginreglur laga sem takmarka skuldbindingar hans og FSCS er sérstaklega greint skriflega frá fyrir þann dag sem samningur þessi er gerður, lögmætar, gildar, bindandi og framfylgjanlegar og
- d) þeir sem undirrita samning þennan hafa til þess fullt umboð fyrir hans hönd.

8.2. TIF skuldbindur sig til þess að: i) gera sitt ítrasta til að stuðla að lagasetningu og annars konar aðgerðum og ii) afla tilskilins samþykkis innanlands sem utan, í báðum tilvikum í því skyni að heimila eða greiða fyrir þeim ráðstöfunum sem gert er ráð fyrir í samningi þessum og lánessamningnum

9. **Allur samningurinn**

Aðeins er heimilt að gera breytingar á samningi þessum, bæta við hann eða falla frá honum með gagnkvæmu samþykki í formi skriflegs samkomulags milli FSCS og TIF.

10. **Samkomulag**

Fari efni MOU í bága við skilmála samnings þessa skulu ákvæði samningsins ganga framár.

11. **Samhljóða eintök**

Samning þennan má gera í eins mörgum samhljóða eintökum og verða vill og samningsaðilarnir geta gert hann í aðgreindum samhljóða eintökum og skal það hafa sömu áhrif og ef undirskriftirnar á samhljóða eintökunum væru á einu eintaki þessa samnings. Hvert samhljóða eintak skal vera frumrit af samningi þessum en saman skulu þau vera einn og sami gerningurinn.

12. **Tilkynningar**

12.1. Öll samskipti, sem eiga að fara fram samkvæmt eða í tengslum við samning þennan, skulu fara fram skriflega á ensku og vera í formi bréfs, símbréfs eða tölvupósts nema annað sé tekið fram

12.2. Heimilisfang og bréfasímanúmer (og deildin eða embættismaðurinn, ef um það er að ræða, sem samskiptunum skal beint til) vegna allra samskipta sem eiga að fara fram samkvæmt eða í tengslum við samning þennan skal vera:

- a) þegar FSCS á í hlut, Financial Services Compensation Scheme, 7th Floor, Lloyds Chambers, 1 Portsoken Street, London E1 8BN, United Kingdom; loreta.minghella@fscs.org.uk og +44 (0)20 7892 7637 (b.t.: Loretta Minghella, Chief Executive), ásamt afriti til HMT, HM Treasury, 1 Horse Guards Road, London SW1A 2HQ, United Kingdom; tom.scholar@hm-treasury.x.gsi.gov.uk and +44 (0)20 7270 5764 (b.t.: Tom Scholar); og
- b) þegar TIF á í hlut, Borgartún 26, 3. hæð, 105 Reykjavík, Ísland, og +354 590 2606 (b.t. framkvæmdastjóra)

eða, í hverju tilviki fyrir sig, sérhvert annað heimilisfang, bréfasímanúmer eða netfang (eða deild eða embættismaður) sem einhver hinna fyrrnefndu kynni að tilkynna um til hinna með minnst fimm virkra daga fyrirvara.

12.3. Tilkynningar, sem eru afhentar viðtakanda, sendar í pósti, með símbréfi eða með tölvupósti, teljast hafa verið afhentar á tilhlýðilegan hátt:

- a) ef þær eru skildar eftir á heimilisfangi aðilans sem á að fá þær, á þeim tíma þegar þær eru skildar eftir (eða, ef þær eru skildar eftir á degi sem er ekki virkur dagur, þá kl. 8.15 f.h. (að staðartíma) næsta virka dag),
- b) ef þær eru sendar með tölvupósti, þegar móttæknar í auðlæsilegu formi (eða, ef þær eru sendar á degi sem er ekki virkur dagur, þá kl. 8.15 f.h. (að staðartíma) næsta virka dag),
- c) ef þær eru sendar með alþjóðlegum ábyrgðarpósti, á öðrum virkum degi eftir að þær eru póstagðar, og
- d) ef þær eru sendar með bréfasíma, þegar bréfasíminn sem tekur við þeim hefur staðfest viðtöku (eða, ef þær eru sendar á degi sem er ekki virkur dagur, þá kl. 8.15 f.h. (að staðartíma) næsta virka dag),

og að því tilskildu að fullnægjandi sé, þegar færa skal sönnur á að tilkynning hafi verið send samkvæmt samningi þessum eða í tengslum við hann, að sanna að tilkynningin hafi verið afhent á heimilisfangið eða að rétt heimilisfang hafi verið ritað á umslagið með tilkynningunni og að það hafi verið sent með alþjóðlegum ábyrgðarpósti (eftir atvikum).

13. **Gildandi lög og lögsaga**

- 13.1. Ensk lög gilda um samning þennan og sérhvert það málefni, kröfu eða ágreiningsefni sem kemur upp vegna eða í tengslum við samning þennan, hvort sem þau réttindi, sem þau byggjast á, eru innan eða utan samninga (e. contractual or non-contractual), og skulu túlkuð í samræmi við þau.
- 13.2. Sérhvert það málefni, krafa eða ágreiningsefni sem kemur upp vegna eða í tengslum við samning þennan, hvort sem þau réttindi, sem þau byggjast á, eru innan eða utan samninga, þar á meðal málefni, krafa eða ágreiningsefni varðandi tilvist, lögmæti eða riftun samnings þessa („**ágreiningsefni**“) skulu einungis lúta lögsögu enskra dómstóla.
- 13.3. Samningsaðilar eru sammála um að viðeigandi og hentugast sé að enskir dómstólar leysi úr ágreiningi og til samræmis við það mun enginn samningsaðili halda fram hinu gagnstæða.
- 13.4. Málsgreinar 13.2 og 13.3 eru aðeins í þágu FSCS. Af því leiðir að ekki er hægt að koma í veg fyrir að FSCS höfði dómsmál vegna ágreiningsefna fyrir öðrum dómstólum sem lögsögu hafa. Að því marki sem lög heimila getur FSCS höfðað mál samtímis í mörgum lögsögum.
- 13.5. Með fyrirvara um hvers konar aðrar aðferðir við stefnubirtingu, sem eru heimil samkvæmt viðeigandi lögum, tilnefnir TIF hér með, með óafturkræfum hætti, sendiráð Íslands að 2A Hans Street, SW1X 0JE London, Englandi, sem umboðsaðila sinn vegna stefnubirtinga að því er varðar hvers konar málsmeðferð fyrir enskum dómstólum í

tengslum við hvers þennan samning og fellst á að láti umboðsaðilinn tilkynningu um slíkt hjá líða ógildi það ekki viðkomandi málsmeðferð.

14. Fallið frá friðhelgisréttindum

TIF fellst almennt á að honum sé birt hvers konar stefna í tengslum við ágreining sem upp kann að koma og að sjá fyrir hvers konar lausnum og úrræðum í því tilliti, þ.m.t. með aðför eða fullnustu í hvaða eignum sem er (óháð notum þeirra eða ætluðum notum) samkvæmt hvers konar úrskurði eða dómi. Ef TIF er friðhelgur eða á rétt á friðhelgi, í hvaða lögsögu sem er, gagnvart birtingu stefnu eða annarra gagna sem varða hvers konar ágreining, eða er friðhelgur eða á rétt á friðhelgi gagnvart lögsögu, málshöfðun, dómi, fullnustu, fjárnámi (hvort heldur er fyrir dómi, við framkvæmd fullnustu eða á annan hátt) eða öðrum lögfræðilegum úrræðum, er hér með fallið frá þeim rétti með óafturkræfum hætti, að því marki sem heimilt er samkvæmt lögum viðkomandi lögsögu.

15. Skilgreind hugtök

Hugtök sem skilgreind eru í bakgrunnslíðum þessa samnings hafa sömu merkingu í eiginlegum samningsákvæðum þessa samnings. Að auki skulu hugtök sem skilgreind eru í lánsamningnum hafa sömu merkingu í í þessum samningi nema þeim sé gefin önnur merking í þessum samningi eða annað leiði af samhenginu

SAMNING ÞENNAN GERÐU, ÞANN DAG SEM SEGIR Í UPPHAFI SAMNINGS ÞESSA:

.....
Financial Services Compensation Scheme
Limited

Nafn: Aleksander J Kuczynski

Titill: General Counsel

.....
The Depositors' and Investors' Guarantee
Fund of Iceland (*Tryggingarsjóður
Innstæðueigenda og Fjárfesta*)

Nafn: Áslaug Árnadóttir

Titill: Formaður stjórnar